


NÝR STÚDENTAGARÐUR VIÐ SUÐURGÖTU

TILLAGA

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

BYGGINGARNEFND



GLÁMA / KÍM

arkitektar Laugavegi 164 ehf. kt 560 496 2739

03.09.96

Laugavegi 164 · 105 Reykjavík s 551-7010 · 561-8112 · f 552-1431 551-1594

Ráðgjöf: Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekti
Helgi Hjalteason verkfræðingur
Gunnar Geirsson verkfræðingur

NÝR STÚDENTAGARÐUR VIÐ SUÐURGÖTU

Nýbygging Félagsstofnunar stúdenta stendur við Suðurgötu milli Hjónagarða og Íbúða aldraðra við Þorragötu.

Byggingin snýr langhlið að Suðurgötu og myndar skjólgóðan garð til austurs og suðurs, auk þess sem byggingin styrkir götumynd Suðurgötu og yfirbragð hverfisins.

Byggingin nýtir reitinn vel og skerðir útsýni lítið frá aðliggjandi húsum. Þessi lega nýtist vel í innra skipulagi, tryggir að birtu og útsýnis fái notið í öllum íbúðum.

Byggingin er fjögurra hæða og er einföld í útliti og formi. Aðkoma að byggingunni er frá Suðurgötu og þar er aðalinngangur.

Við hæðarsetningu byggingarinnar er tekið tillit til landhæðar og dýpis á klöpp og hæðar aðliggjandi húsa. Þar sem lóðin er hæst við Hjónagarða, er byggingin þrjár hæðir, en fjórar hæðir næst Þorragötu. Ekki þarf að sprengja klöpp fyrir neðstu hæðinni ($k=7,0$).

Frágangur lóðar er einfaldur og vandaður. Vestan við bygginguna er bifreiðaaðkoma og 62 bílastæði. Aðkoma og bílastæði eru malbikuð, en bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða og torg framán við aðalinngang eru hellulögð. Gangstígur liggur meðfram húsinu að vestanverðu og niður fyrir húsið að sunnan þar sem aðkoma er að hjóla- og sorpgeymslu. Austan hússins er grasi vaxinn garður sem tengist klappaholtinu. Næst húsinu er hellulögð verönd. Tré eru gróðursett meðfram Suðurgötu, við vesturhlið hússins, og meðfram stoðvegg við veröndina austan hússins.

Gangstígurinn að byggingunni tengist stúdentagörðunum næst henni og Háskólasvæðinu.

Nýbygging FS er í senn heimili 63 námsmanna yfir vetrartímann og gistiheimili fyrir ferðamenn á sumrin. Innra skipulag er mótað af ákvæðum forsagnar og byggingarreit. Umferðarkerfi er einfalt og niðurröðun rýma rökrétt. Gangar njóta dagsljóss, og vistarverur eru opin og björt rými.

GLÁMA/KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf.

Á jarðhæð er aðalinngangur frá Suðurgötu. Komið er inn í móttöku/aðstöðu húsvarðar og setustofu. Úr setustofu er hægt að ganga út í garð. Á jarðhæð, sunnan móttöku er snyrting, ræstiklefi, þvottahús, língeymsla, hjólageymsla, sorpgeymsla, inntaksklefi og tæknirými. Norðan móttöku eru geymslur íbúða og geymsla FS. Aðgengi hreyfihamlaðra er tryggt að 6 íbúðageymslum. Úr móttöku liggja tvær leiðir upp á íbúðarhæðirnar. Annars vegar er lyftu- og stigahús næst móttöku, hins vegar beinn opinn stigi sem liggur upp með austurhlíð byggingarinnar. Stiginn tengir hæðirnar saman á upplífgandi og spennandi hátt, opnar gangana og veitir birtu inn. Á jarðhæð eru engar íbúðir.

Á næstu þremur hæðum eru íbúðir og sameiginleg rými. 21 íbúð er á hverri hæð. Þeim er ráðað að ganginum mót austri og vestri og paraðar saman tvær og tvær. Næst stiga- og lyftuhúsi eru 2 íbúðir sem fullnægja kröfum um aðgengi hreyfihamlaðra.

Hver íbúðareining hreyfihamlaðra er 31,5 m² brúttó. Aðrar íbúðareiningar eru 28,3 m² brúttó. Í hverri íbúðareiningu er forstofa, baðherbergi og íbúðarherbergi. Af gangi er gengið inn í forstofu, þar sem er fatahengi og skápur. Úr forstofu er gengið inn á baðherbergi og í íbúðarherbergi. Íbúðarherbergið er 18 m² og í því er lítil eldhúsinnrétting. Íbúðarherbergin snúa öll í austur eða vestur, eru björt og njóta útsýnis. Á íbúðunum sem aðlagðar eru þörfum hreyfihamlaðra eru svalir, en á hinum er hægt að opna svalahurð ("franskar svalir").

Miðsvæðis á íbúðagöngum, yfir inngangi og móttöku, er sameiginlegt eldhús, setustofa og borðstofa. Út af borðstofu eru svalir. Veggur milli setustofu/borðstofu og gangs er glerjaður með glæru og sandblásnu gleri til að auka birtu á gangi. Ræstiklefi er á hverri hæð sunnan við lyftu- og stigahús.

Á þaki hússins eru svalir með útsýni til allra átta. Stigi og lyfta ganga þangað upp og tryggja aðgengi allra. Þaksvalirnar bjóða upp á spennandi notkunarmöguleika fyrir íbúa byggingarinnar og eru áhugaverðar í tengslum við hótélrekstur.

Tillagan gerir ráð fyrir einfaldri og hagkvæmri uppbyggingu samkvæmt tilmælum keppnislýsingar.

Byggingin er steinsteypt, einangruð og klædd að utan. Meginfletir byggingarinnar eru múraðir og á þá dreginn sallí. Veggir á stigahúsi við aðalinngang eru klæddir steinsteyptum lituðum flísum. Gluggarammar á íbúðum eru úr harðviði. Ramminn er ýmist glerjaður á hefðbundinn hátt eða með viðhaldslitlum plötum. Engir gluggar eru á geymslum, en útloftunarristar. Fyrir gluggum á hjólageymslu eru rimlar.

Þak byggingarinnar er stólað upp með góðum vatnshalla á steinsteypta plötu, og klætt þakdúk eða pappa ofan á einangrun. Þaksvaírnar eru hellulagðar ofan á þakdúk og einangrun.

Frágangur innandyra er hefðbundinn og mótast af þeirri notkun sem fer fram á einstökum svæðum. Á gólfum verða flísar, dúkur og málning. Gipsplötur og þússning á veggjum og loftum og viðarþiljur og viðarrimlar í anddyri og móttöku. Innréttingar í íbúðum, hurðir og eldhúsinnréttingar í sameign verða úr ljósum viði og harðplasti. Yfirbragð og efnisval verður látaust og vandað og litir og áferð notaðir til að tengja saman rými. Loft yfir baðherbergjum í íbúðum er tekið niður til að tryggja lagnaleiðir og eðlilega hljóðvist. Loft yfir göngum er tekið niður að hluta til að tryggja eðlilega hljóðvist og hylja vatnsúðakerfislagin.

Vélræn loftræsing er frá snyrtingum og eldunaraðstöðu.

Til að uppfylla skilyrði brunareglugerðar er gert ráð fyrir eftirfarandi ráðstöfunum:

- Aðalstigahús verður hólfað frá göngum með A 60 veggjum og F30 hurðum og glerveggjum.
- Flóttaleið er tryggð um neyðarútgang og stiga við norðurenda íbúðagangs.
- Hurðir á íbúðum eru A60 og að gangar og sameiginleg rými séu með vatnsúðakerfi.
- Svalir eru á þeim íbúðum sem sérstaklega eru aðlagðar kröfum um aðgengi hreyfihamlaðra.
- Byggingin fullnægir kröfum um brunavarnir í hótelum og gístiheimilum.

Tillagan uppfyllir ákvæði Byggingarreglugerðar og skilyrði Byggingafulltrúans í Reykjavík um:

- Sérhvert íbúðarherbergi er 18 m².
- Hverri íbúð tilheyrir 2,5 m² geymsla.
- Í húsinu eru 6 af 63 íbúðum sniðnar að þörfum hreyfihamlaðra.
- Gert er ráð fyrir einu bílastæði á hverja 50 m² húsnæðis, alls 62 bílastæðum.

FS gerir kröfu um hagkvæmni í byggingu og viðhaldi, og um skamman hönnunar- og framkvæmdatíma.

Því er mætt með einföldu fyrirkomulagi og skýru samgöngukerfi, rökréttri uppbyggingu og greiðum lagnaleiðum. Byggingin er látlaus í formi og áhersla er lögð á einfaldleika, hlýleika og birtu. Valin verða vönduð efni og einfaldar lausnir, og þess gætt að samtímis því að stofnkostnaði er stillt í hóf, sé tryggt að viðhald og rekstur byggingarinnar á komandi árum verði hagkvæmur.


Allar stærðir byggingarinnar eru í samræmi við forsögn.

Brúttóstærð byggingarinnar er um 3086m², og 8650m³.



Á lóðinni vestan hennar eru 62 bílastæði.

Meðfylgjandi tillaga miðar að því að skapa daglegu lífi námsmanna látausa og trausta umgjörð, og áhugavert og eftirminnilegt aðsetur ferðamanna í höfuðborginni.

Á teikningum er sýndur valkostur, þar sem íbúðum er fækkað um tvær og móttökurými opnað milli hæða. Þannig verður inngangur og setustofa háreist og glæsilegt rými, sem auðgar anda íbúanna og hæfir einkar vel sem móttökurými á hóteli.




HORFT NORDUR SUÐURGÖTU




AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500



SNEIDING VIÐ SÚBURGÖTU




hótelherbergi




íbúð námsmanns

dæmigerð íbúð
brúttó fm: 28,3
- 57 íbúðir


ÍBÚÐARGERÐIR - GRUNNMYNDR
Mkv. 1:100



ÖNNUR HÆÐ - GRUNNMYNDR
k=10,00 - brúttó fm: 824




FYRSTA HÆÐ - GRUNNMYNDR
k=7,00 - brúttó fm: 647
Mkv. 1:200




TILBRIGÐI: fækkun um 2 íbúðir, hækkingu á möttókunum

NÝR STÚDENTAGARÐUR VIÐ SUBURGÓTU
PLANNING AND ARCHITECTURE


02 **GLÁMA / KÍM**
Lauðgöta 144 105 Reykjavík 551 7010 561 8112 1537 1481 591 1594




PAK / ÞAKSVÁLIR - GRUNNMYND
 k=18,40 - brutto fm: 1a




FJÓRÐA HÆÐ - GRUNNMYND
 k=13,40 - brutto fm: 797



ÞRIÐJA HÆÐ - GRUNNMYND
 k=12,70 - brutto fm: 802




hótelherbergi



íbúð námmanna
 íbúð aðlöguð að þörfum
 heyrnhamlaðra
 bruttó fm: 51,5
 - 6 íbúðir

22.60
18.70
16.70
17.90
18.40
18.20
12.70
12.00
7.00


ÚTLIT VESTUR



20.80
18.70
18.10
18.40
12.70
10.00
7.00

20.80
18.70
16.10
16.40
12.70
10.00
7.00



ÚTLIT AUSTUR



18.70
16.10
16.40
12.70
10.00
7.00


22.60
20.80
18.70
18.10
17.90
18.40
15.20
12.70
12.00
10.00
7.00

ÚTLIT NORÐUR





20.80
18.70
18.10
18.40
12.70
10.00
7.00


ÚTLIT SUÐUR




FAST UNDIRLAG




SNEIÐING A



SNEIÐING B




SNEIÐING C



NYR STÚDENTAGARÐUR VÍÐ SUÐURGÖTU
FRILASBÍÐARMARKSREYÐINGA

03 **GLÁMA / KÍM**
GLÁMA / KÍM
 Langvegur 16a 105 Reykjavík • Sími 2015 847 8117 FASÍ 1431 551 1994



ÚTSÝNI ÚR SETUSTOFU

GLÁMA / KÍM

arkitektar Laugavegi 164 ehf. kt 560 496 2739

Árni Kjartansson arkitekt
Jóhannes Þórðarson arkitekt
Ólafur Tr. Mathiesen arkitekt
Sigbjörn Kjartansson arkitekt
Sigurður Halldórsson arkitekt

Ráðgjöf: Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt
Helgi Hjaltason verkfræðingur
Gunnar Geirsson verkfræðingur

GLÁMA / KÍM

arkitektar Laugavegi 164 ehf. kt 560 496 2739

Laugavegi 164 105 Reykjavík s 551-7010 / 561-8112 f 562-1431/561-1694